

Nd.

129. Frumvarp

til laga um útvarpsrekstur ríkisins.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

I. KAFLI

Um skipulag og rekstur útvarps.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefir einkaumboð til þess að reka útvarp á Íslandi. Hún lætur starfrækja útvarpsstöð í Reykjavík og má auka orku hennar, eftir því sem þörf krefur. Ríkisstjórnin lætur reisa endurvarpsstöðvar annarsstaðar á landinu, eftir því sem ástæður krefjast. Um orkuaukningu Reykjavíkurstöðvarinnar og byggingu endurvarpsstöðva fer eftir ákvörðunum Alþingis í hvert sinn.

Stöðvarnar og starfræksla þeirra nefnist einu nafni **Ríkisútvarpið** og ber undir kennslumálaráðuneytið.

2. gr.

Fjárhagsáætlun um tekjur og gjöld Ríkisútvarpsins skal tekin sem sérstakur liður í fjárlög ríkisins á ári hverju.

Tekjum Ríkisútvarpsins og þeirra starfsgreina, sem reknar verða á vegum þess, má eingöngu verja í þágu útvarpsrekstrar og útvarpsnota.

3. gr.

Kennslumálaráðherra skipar útvarpsstjóra og ákveður laun hans. Skal honum falið að annast allt, sem lýtur að rekstri útvarpsins, skrifstofuhaldi, daglegri umsjón og að hafa á hendi fjárreiður þess allar og reikningshald.

Kennslumálaráðherra skipar enn fremur aðra starfsmenn við Ríkisútvarpið og ákveður laun þeirra, að fengnum tillögum útvarpsstjóra. Útvarpsstjóri leitar álits og tillagna dagskrárstjórnar um val þeirra fastráðinna starfsmanna, sem vinna listræn störf og fræðslustörf við útvarpsdagskrá.

4. gr.

Dagskrárstjórn Ríkisútvarpsins skipa sjö menn. Skulu þeir og þeir til vara kosnir hlutfallskosningu á Alþingi til fjögurra ára í senn og þeir og þeir til vara sömuleiðis kosnir hlutfallskosningu meðal allra þeirra, sem útvarpsnotendur teljast og greitt hafa lögmaelt gjöld samkvæmt lögum þessum.

Þegar eftir að kosning í dagskrárstjórn hefir farið fram á Alþingi, felur ráðuneytið skrifstofu Ríkisútvarpsins að annast um, að fram fari kosning af hálfu útvarpsnotenda. Heimilt er félögum útvarpsnotenda og einstökum útvarpsnotendum að bera fram kjörlista. Skulu á hverjum lista vera nöfn sex manna þeirra, er kjörgengir eru, og fylgi hverjum lista meðmæli að minnsta kosti 200 útvarpsnotenda. Kjörgengur er hver sá útvarpsnotandi, sem greitt hefir lögmaelt gjöld samkvæmt lögum þessum, er ekki fastráðinn starfsmaður Ríkisútvarpsins og er búsettur í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að hann geti tekið þátt í störfum dagskrárstjórnar.

Kennslumálaráðherra ákveður í reglugerð nánar um tilhögun kosningarinnar og talningu atkvæða.

Kosning þessari skal vera lokið þegar þeir mánuðir eru liðnir frá því er kosning í dagskrárstjórn fer fram á Alþingi, og tekur þá hin nýkjörna dagskrárstjórn við störfum.

Kennslumálaráðherra skipar sjöunda mann í dagskrárstjórn, og er hann formaður hennar. Dagskrárstjórn velur sér ritara úr sínum hópi.

Nú koma ekki fram við kosningu í dagskrárstjórn af hálfu útvarpsnotenda neinir kjörlistar, og ferst kosning þá fyrir. Skipar þá kennslumálaráðherra þrjá menn í dagskrárstjórn af hálfu útvarpsnotenda til næstu fjögurra ára.

5. gr.

Dagskrárstjórnin tekur ákvarðanir um það, hversu dagskrá skuli hagað í höfuðefnum og leggur fullnaðarsamþykki á dagskrá áður en hún kemur til framkvæmda. Hún setur reglur um fréttáflutning útvarpsins og aðrar þær reglur, er þurfa þykir til gæzlu þess, að við útvarpið ríki skoðanafrelsi og óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í almennum málum, atvinnustofnunum, félögum og einstökum mönnum.

Kennslumálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um störf dagskrárstjórnar, svo og um þóknun fyrir störf.

Útvarpsstjóri á sæti á fundum dagskrárstjórnar og hefir þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt. Hann getur skotið ákvörðunum dagskrárstjórnar, þeim er mjög varða fjárhag stofnunarinnar, undir úrskurð ráðuneytisins.

Útvarpsstjóri annast undirbúning dagskrár og hefir með höndum daglega umsjón með framkvæmd dagskrár og gæzlu þess, að settum reglum um fréttáflutning útvarpsins sé fylgt.

6. gr.

Hver sá maður, sem hagnýtir sér útlarp ríkisins, skal greiða til þess árlegt afnotagjald, og er gjaldskyldan bundin við heimili, sem heldur uppi lögskilum.

Ráðherra ákveður upphæð afnotagjaldsins um eitt ár í senn, að fengnum tillögum útvarpsstjóra og dagskrárstjórnar.

Óheimilt er hverjum manni að hagnýta sér útlarp ríkisins nema viðtæki hans hafi verið skrásett og tilkynnt skrifstofu Ríkisútlarpsins. Hvert það viðtæki, sem ekki er tilkynnt skrifstofu Ríkisútlarpsins, skal upptækt vera, og rennur andvirðið til Ríkisútlarpsins.

Heimilt er ráðherra að fela póststofum og póstaígreiðslum landsins að annast innheimtu afnotagjalda fyrir útlarp.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um hagnýtingu útlarps, gjaldskyldu útlarpsnotenda og innheimtu afnotagjaldanna. Heimilt er í reglugerð að ákveða um innsíglun útlarpsviðtækja vegna vanskila á afnotagjöldum og um dráttarvexti.

7. gr.

Útlarpsstjóri semur ár hvert fjárhagsáætlun um rekstur Ríkisútlarpsins, og skal hún send kennslumálaráðuneytinu í tæka tíð við undirbúning fjárlaga.

8. gr.

Ríkisútlarpið hefir sama rétt og landssíminn um nauðsynlegar lagnir um lönd manna, lóðir og byggingar vegna starfsemi sinnar. Óheimilt er öllum að leggja svo nýjar lagnir, hvers kyns sem eru, að þær geti valdið бага eða óreglu á lögnum Ríkisútlarpsins, sem fyrir eru, eða tækjum, sem standa í sambandi við þær.

Ráðherra sker úr ágreiningi um þessi atriði.

9. gr.

Nú hafa einstakir menn, sveitarfélög eða bæjarfélög raflagnir, vélar eða tæki, hvers kyns sem eru, sem geta valdið truflunum á starfrækslu Ríkisútlarpsins, og er Ríkisútlarpinu þá heimilt að gera, á kostnað eiganda, nauðsynlegar ráðstafanir um þau tæki eða lagnir, til þess að hínra truflanir, sem af þeim geta hlotizt.

Mönnum, sem eru í þjónustu Ríkisútlarpsins þessara erinda og til eftirlits með útlarpsnotum, skal heimilt að fara tálmunarlaust um lönd manna og hús, ef nauðsyn krefur vegna starfsins, enda fari þeir ekki um hilyli manna fyrir kl. 8 að morgni né eftir kl. 10 að kvöldi.

10. gr.

Í kirkjum, leikhúsum og samkomuhúsum, skólum, veitingasólum og hvarvetna þar, sem almennar skemmtanir eru haldnar eða mannfundir, þar sem umræður fara fram, skal útlarpinu heimilt, án endurgjalds eða nokkurra kvaða, að leggja um húsið nauðsynlegar leiðslur fyrir útlarp og koma þar fyrir útlarpstækjum húseigendum að skaðlausu.

Réttur til að útlarpa því, sem fram fer í húsakynnunum, er óviðkomandi þessum ákvæðum.

11. gr.

Heimilt er Ríkisútlarpinu að útlarpa án endurgjalds:

- a. Messugerðum, háskólaerindum og öðrum fræðsluerindum, sem kostuð eru eða styrkt af almannaíe.
- b. Umræðum á stjórnmálafundum og öðrum almennum mannfundum.

II. KAFLI

Um einkasölu á útvarpsviðtækjum.

12. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta reka einkasölu á viðtækjum fyrir útvarp. Skal þá engum öðrum en ríkisstjórninni eða þeim, sem hún felur það, heimilt að flytja inn í landið viðtæki eða verzla með þau.

13. gr.

Viðtæki skal samkvæmt lögum þessum telja hvert það tæki, sem hægt er að nota til þess að taka við útvarpi, einnig tækjahluta, varahluti slíkra tækja, rafhlöður og rafgeyma, sem notaðir eru við útvarpsviðtæki.

14. gr.

Ríkissjóður leggur fram nauðsynlegt rekstrarfé til einkasöluunnar. Allur verzlunarhagnaður af einkasölu rennur til Ríkisútvarpsins.

15. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um fyrirkomulag einkasöluunnar. Skal þar ákveðið meðal annars, hvaða hlutir til sendi- eða viðtækja fyrir útvarp skuli falla undir ákvæði þessara laga.

III. KAFLI

Ýms ákvæði.

16. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 50—500 kr., nema þyngri refsing liggji við að lögum. Þó skulu brot gegn 12. gr. varða sektum frá 200—2000 kr.

Hvert það viðtæki eða hluti tækis, sem ólöglega er flutt inn í landið eða ætlað til sölu á óleyfilegan hátt, skal upptækt vera, og rennur andvirði þess í ríkissjóð.

Brot gegn lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla um leið úr gildi lög nr. 62 19. maí 1930, um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Kosning þriggja manna í dagskrárstjórn og þriggja til vara samkv. 4. gr. skal fara fram á því þingi, sem samþykkir þessi lög. Fer þá um kosningu af hálfu útvarpsnotenda svo sem fyrir er mælt í 4. gr. Fellur þá jafnframt niður umboð núverandi útvarpsráðs.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt af meiri hluta allsherjarnefndar að beiðni atvinnu-
málaráðherra, og hafa flutningsmenn óskoraðan rétt til að koma fram með
breytingar við einstakar greinar frumvarpsins.

Frumvarpinu fylgdu svo hljóðandi athugasemdir:

Með útvarpslögnum, nr. 62 19. maí 1930, var gerð sú höfuðbreyting á
skipun Ríkisútvarpsins, frá því sem það hafði verið fyrirhugað í lögnum frá
1928, að stofnunin var gerð sjálfstæð og óháð landssímanum, og stendur þannig
um rekstur allan og fjarreiður beint undir ráðherra.

Við reynslu þá, sem fengin er, þykir hafa komið í ljós, að lögnum frá
1930 sé í nokkrum atriðum áfátt, einkum að því er tekur til skipunar útvarps-
ráðs og þátttöku útvarpsnotenda í þeirri skipun. Ennfremur vantar í hin eldri
lög ýms mikilsverð ákvæði, sem tekin eru upp í þetta frumvarp.

Um einstakar greinar frumvarpsins þykir ástæða til að taka þetta fram:

Um 1. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum er ríkisstjórninni aðeins heimilað að láta
reisa og starfrækja nýja loftskýtastöð, sem nota megir til þess að útvarpa tali
og söng. Með ákvæðum 1. gr. frv. er ríkisstjórninni falið einkaumboð til þess
að reka útvarp á Íslandi og jafnframt nánar kveðið á um ráðstafanir til þess
að útvarpsreksturinn komi að notum fyrir alla landsmenn, eftir nánari ákvörð-
unum Alþingis í hvert sinn.

Í þessari grein er fyrirtækinu gefið nýtt heiti: Ríkisútvarpið. Nafnið „Út-
varpsstöð Íslands í Reykjavík“ er bæði þunglamalegt nafn og ófullnægjandi jafn-
skjótt og fleiri stöðvar kynnu að verða reistar á landinu.

Þá er hér lagt til, að útvarpið beri undir kennslumálaráðuneytið, en ekki
atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið. Virðist útvarpsrekstur vera skyldari skól-
um landsins heldur en atvinnugreinum.

Um 2. gr.

Í þessari grein er tekið upp það ákvæði, sem ekki er í núgildandi lögum, að
tekjum Ríkisútvarpsins og þeirra starfsgreina, sem reknar verða á vegum þess,
megir eingöngu verja í þágu útvarpsrekstrar og útvarpsnota. Um leið og út-
varpsnotendur eru beint og óbeint látnir bera uppi kostnað við útvarpið að öllu
leyti, þykir rétt að setja í lög ákvæði til varnar því, að þeir verði, gegnum rekstur
þessa fyrirtækis, skattlagðir til almennra þarfa.

Um 3. gr.

Þessi grein fjallar um skipun útvarpsstjóra og starfsvið bans. Er hún að
efni til samhljóða 5. gr. í núgildandi lögum, þó með þeirri viðbót, að hér er gert
ráð fyrir íhlotun dagskrárstjórnar um val fastráðinna manna, sem að dagskrá
vinna.

Um 4. gr.

Þessi grein fjallar um skipun dagskrárstjórnar og felur í sér höfuðbreyt-

ingu frá því, sem er í núgildandi lögum. Skal hér gefið nokkurt yfirlit um, hversu dagskrárstjórn útvarpsins er til orðin frá upphafi.

Með lögnum frá 1928 var svo ákveðið, að útvarpsráð skipuðu þrjú menn: formaður skipaður af ráðuneytinu, einn maður tilnefndur af háskólanum og einn maður tilnefndur af útvarpsnotendum í landinu. Með lögnum frá 1930 er sú breyting gerð á þessu, að bætt er við einum fulltrúa tilnefndum af presta- stefnu landsins og öðrum af barnakennurum landsins. Hinsvegar hafa kennarar við skóla landsins, frá því að barnaskólum sleppir og þangað til Háskólinn tekur við, ekki haft neina íhlutun um val í útvarpsráð. Atvinnuvegir landsins, land- húnaður, sjávarútvegur, iðnaður og verzlun hafa enga fulltrúa átt í útvarpsráði. Sú leið, sem farið hefir verið inn á, að skipa dagskrárstjórn fulltrúum stétta og stofnana, hefir því ekki náð tilgangi sínum og virðist langsótt að réttlátu marki.

Útvarpsnotendum landsins er með núgildandi lögum ákveðinn réttur til þess að hafa áhrif á val eins manns í útvarpsráðið. En sá réttur er bundinn þeim takmörkunum, að þeir gangi saman í félag til þess að geta neytt réttarins. Þetta ákvæði sviptir mikinn þorra útvarpsnotenda aðstöðunni til þess að eiga þátt í kosningu í útvarpsráð. Virðist ekki vera nein skynsamleg né réttlát ástæða til þess að torvelða útvarpsnotendum þannig hagnýtingu þess réttar, sem samkvæmt eðli málsins hlýtur að vera bundinn við hagnýtingu útvarps og greiðslu hins lögákveðna afnotagjalds fyrir útvarp.

Með fjórðu grein þessa frumvarps er í fyrsta lagi lagt til, að horfið sé frá þeirri leið, að skipa dagskrárstjórn útvarpsins fulltrúum stétta og stofnana, en lagt til, að hún sé skipuð á lýðræðislegan hátt, svo að skipunin verði á hverjum tíma í samræmi við vilja þjóðarinnar allrar og útvarpsnotendanna sérstaklega. Ríkið hefir upphaflega stofnað þetta fyrirtæki, ber á því fjárhagslega ábyrgð og setur því lög og reglugerðir. Þykir því rétt, að þrjú af sex kjörnum fulltrúum í dagskrárstjórn séu kjörnir hlutfallskosningu á löggjafarsamkomu þjóðarinnar. Hinsvegar bera útvarpsnotendurnir uppi rekstur stofnunarinnar og er jafnframt ætlað að bera uppi kostnað við aukningu stöðvartækjanna. Þykir því réttlátt, að þeir fái óskoraðan og óhindraðan rétt til þess að kjósa aðra þrjú menn í dag- skrárstjórnina. Loks er gert ráð fyrir, að formaður dagskrárstjórnarinnar verði, eins og áður, skipaður af ráðherra.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir, að kosningu útvarpsnotenda í dagskrárstjórn verði hagað með þeim hætti, að réttur þeirra njóti sín til fulls og að kosningin fari fram samkvæmt reglugerð, er ráðherra setur.

Orðið dagskrárstjórn er hér notað í stað orðsins útvarpsráð, og svarar það ótvíræðlega til þess hlutverks, sem útvarpsráð hefir haft með höndum samkvæmt núgildandi lögum og sem er nánar til tekið í 5. gr. þessa frumvarps.

Um 5. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um störf dagskrárstjórnar og eru þau í engu frá- brugðin því, sem nú er, samkvæmt ákvæðum núgildandi laga. En ákvæðin eru ótvíræð og getur ekki farið á milli mála um verkaskiptingu í stofnuninni.

Útvarpsstjóra er hér ekki ákveðinn atkvæðisréttur um ákvarðanir dagskrár- stjórnar, með því að hann er um undirbúning og framkvæmd dagskrárinnar

framkvæmdarstjóri dagskrárstjórnar. Hinsvegar er honum ákveðinn réttur til þess að skjóta undir úrskurð ráðuneytis þeim ákvörðunum dagskrárstjórnar, sem mjög varða fjárhag stofnunarinnar.

Um 6. gr.

Þessi grein er að mestu samhljóða 6. gr. í nógildandi lögum. Til viðbótar er mælt svo fyrir, að ráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um hagnýtingu útvarps, um gjaldskyldu útvarpsnotenda og innheimtu afnotagjaldanna.

Um 7., 8., 9. og 10. gr.

Gefa ekki tilefni til athugasemda.

Um 11. gr.

Í a-lið þessarar greinar er bætt við háskólaerindum og öðrum fræðsluerindum, sem kostuð eru eða styrkt af almannafé.

Hinsvegar er sleppt b-lið í nógildandi lögum, með því að hann hefir reynzt gagnslaus.

Um 12., 13., 14. og 15. gr.

Gefa ekki ástæðu til athugasemda.

Um 16. gr.

Gefur ekki ástæðu til athugasemda.

Um 17. gr.

Gefur ekki ástæðu til athugasemda.